

REGLUGERÐ

um heimilisþjónustu í Ólafsfirði.

1. gr.

Bæjarstjórn og bæjarstjóri fara með yfirstjórn heimilisþjónustunnar í Ólafsfirði. Dagleg umsjón með framkvæmd þessara mála er í höndum félagsmálafulltrúa, er bæjarstjórn ræður til starfa.

2. gr.

Hlutverk heimilisþjónustunnar er að veita hjálp á heimilum að tilvísan lækni, hjúkrunarfræðings, ljósmóður eða að öðrum tilvísunum, sem félagsmálafulltrúi metur gildar, að hjálpar annarrar en hjúkrunar sé þörf vegna elli, sjúkdóma, örorku, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum.

Hjálpin veitist þann tíma og á þann hátt, sem félagsmálafulltrúi metur að nauðsyn sé á hverju sinni.

Heimilisþjónustan felur í sér eftirtalin atriði:

1. Aðstoð við aldraða í þeim tilgangi að gera þeim kleift að dvelja lengur í heimahúsum.
2. Aðstoð við sjúklinga í heimahúsum í þeim tilgangi að stytta sjúkráhúsvist eða jafnvel að koma í veg fyrir hana.
3. Umsjón með heimili, þar sem húsmóðir eða heimilisfaðir eru fjarverandi vegna veikinda.
4. Aðstoð við fatlaða, sem búa einir.
5. Önnur tilfelli, sem meta skal hverju sinni.

3. gr.

Bæjarstjórn gangist fyrir námskeiðum fyrir starfsfólk heimilisþjónustunnar eða gefi því kost á að sækja námskeið til þess að auka þekkingu sína á þessu sviði.

4. gr.

Stjórn heimilisþjónustunnar ber að ganga örugglega úr skugga um, að þeir aðilar er heimilishjálpin stunda, séu hæfir til starfans og séu ekki haldnir smitandi sjúkdómi.

5. gr.

Bæjarstjórn ákveður hvert form skuli vera á umsóknum um heimilisþjónustu.

6. gr.

Bæjarstjórn setur starfsfólki heimilisþjónustunnar ákveðnar starfsreglur.

7. gr.

Fyrir heimilisþjónustuna samkvæmt reglugerð þessari skal sá er hjálpar nýtur, greiða eftir taxta er bæjarstjórn setur. Þar skal tekið tillit til tekna viðkomandi og kostnaðar við hjálpina. Skal taxti þessi breytast í samræmi við breytingar á launum.

Bæjarstjórn getur sett nánari reglur um greiðslu, innheimtu og annað, sem hún telur máli skipta í þessu efni.

8. gr.

Skrifstofa Ólafsfjarðarkaupstaðar annast bókhald og fjárreiður heimilisþjónustunnar og skulu reikningar hennar færðir með öðrum reikningum bæjarsjóðs og endurskoðast með sama hætti.

9. gr.

Félagsmálafulltrúi skal láta bæjarstjórn árlega í té skýrslu um starfsemina.

10. gr.

Um greiðslu kostnaðar fer samkvæmt lögum nr. 10 frá 25. janúar 1952 um heimilishjálpi í viðlögum með síðari breytingum.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Ólafsfjarðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 frá 25. janúar 1952, um heimilishjálpi í viðlögum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 3. apríl, 1979.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Keflavík.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Keflavíkur og samkv. heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru settar eftirgreindar reglur um umferð í Keflavík.

1. Stöðvunarskylda breytist í biðskyldu á eftirgreindum gatnamótum:
 - a. Hafnargata/Vesturgata
 - b. Hafnargata/Aðalgata
 - c. Hafnargata/Skólavegur (vestan gatnamótanna)
 - d. Hafnargata/Víkurbraut.
 2. Framúrakstur er bannaður á Hafnargötu og Hringbraut.
- Reglur þessar taka gildi 1. maí 1979.

Lögreglustjórinn í Keflavík, 27. mars 1979.

Jón Eysteinnsson.